

Nd. 625. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum landhelgisgæzlunnar, Skipstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Sambands íslenzkra váttryggingarfélaga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og þann tíma, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.